

Fundargerð 238. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: miðvikudagur 19. ágúst 2020
Fundartími: 8:30 – 11:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Rósa Matthíasdóttir
Hrafnkell Guðnason varaoddviti
Margrét Jónsdóttir
Sigurður Ingi Sigurðsson
Eva Magnúsdóttir Podium ehf undir lið nr. 5
Reynir Þór Jónsson Afréttarmálafélagi Flóa- og Skeiða
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Við dagskrána bætast önnur mál: a) Erindi frá Tónlistarskóla Árneseinga. Umsókn um viðbótarfjármagn. b) Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða kynning. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 199, dags. 12.08.2020

a) Arnarstaðakot L166219; Skilgreining byggingarheimilda; Deiliskipulag – 2001058

Lagt er fram deiliskipulag Arnarstaðarkoti eftir auglýsingu. Athugasemd barst á auglýsingartíma sem brugðist hefur verið við innan greinargerðar og á uppdrætti skipulagsins.

Tekið er fyrir eftir auglýsingu deiliskipulag Arnarstaðarkots í Flóahreppi. Athugasemdir bárust á auglýsingartíma skipulagsins sem eru meðfylgjandi. Í samræmi við athugasemdir voru gerðar breytingar á skilmálum deiliskipulags. Annarsvegar er varðar minjar innan svæðisins og hinsvegar vegna mögulegrar hávaðamengunar á mörkum jarða. Skipulagsnefnd telur að brugðist hafi verið við athugasemdum á fullnægjandi hátt innan deiliskipulags. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt til gildistöku eftir auglýsingu og verði sent skipulagsstofnun til yfirferðar áður en það tekur gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Eftir auglýsingu á deiliskipulagi fyrir Arnarstaðakot, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 bárust athugasemdir sem brugðist hefur verið við í greinargerð. Að teknu tilliti til þeirra breytinga samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps deiliskipulag fyrir Arnarstaðakot L166219 sem felur í sér skilgreiningu byggingarheimilda. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Skógsnes L165502; Skógsnes 4; Stofnun lóðar – 2006085

Lögð er fram umsókn Tómasar Þóroddssonar, dags. 29. júní 2020, um stofnun landeignar út úr Skógsnesi L165502. Óskað er eftir að stofna 60 ha land sem fengi heitið Skógsnes 4. Aðkoman er um núverandi veg frá Hamarsvegi (308)

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lóðar úr landi Skógsness L165502 né heldur nafnið Skógsnes 4 á nýju lóðina. Gert er ráð fyrir aðkomuvegi um núverandi veg af Hamarsvegi

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Vatnsholt 1 L166395; Deiliskipulag – 2008007

Lögð er fram umsókn um nýtt deiliskipulag sem tekur jarðarinnar Vatnsholt 1 í Flóahreppi. Umsækjandi er Erling Pétursson. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, útihús, skemmu og gestahúsa á tveimur spildum. Markmið skipulagsins er að styrkja búsetu og til minniháttar atvinnureksturs og áhugabúskapar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt til kynningar á grundvelli 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulag fyrir Vatnsholt 1 L166395 sem felur í sér skilgreiningu byggingarheimilda fyrir útihús, skemmu og gestahús. Markmið skipulagsins er að styrkja búsetu og atvinnu svæðisins .

Samþykkt á grundvelli 4 mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með 5 atkvæðum.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 20 – 124 – 2006004F dags. 01.07.2020

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júlí 2020.

2. Drög að samstarfssamningi 6 sveitarfélaga vegna seyruverkefnis

Lögð fram drög að samstarfssamningi milli sveitarfélaganna, Ásahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Flóahrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um söfnun og vinnslu seyr.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi drög og að 5 % af árlegum rekstarkostnaði skiptist jafnt á aðildarsveitarfélögin. Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Erindi frá Orkugerðinni – umsókn um lóðina Heiðargerði 3

Lögð fram umsókn frá Ólafi Wernerssyni framkvæmdastjóra, fyrir hönd Orkugerðarinnar ehf um iðnaðarlóðina Heiðargerði 3.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins og óskar eftir fundi með Ólafi til þess að fara betur yfir hugmyndir Orkugerðarinnar. Samþykkt með 5 atkvæðum fundarins.

4. Akstur úr Flóaskóla á Þjótandaæfingar fyrir miðstig grunnskólans

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að greiða akstur fyrir miðstig Flóaskóla frá skólanum á íþróttæfingar UMF Þjótanda í Þingborg að loknum skóladegi. 25 nemendur úr 5. og 6. bekk þurfa mögulega á akstri að halda á þessum tíma. Kostnaður vegna 2020 er áætlaður kr. 240.000 Samþykkt með 5 atkvæðum

5. Heimsmarkmiðin og skólastefna Flóahrepps – tímaáætlun

Eva Magnúsdóttir mætir til fundarins í gegnum „Teams“ fjarfundakerfi. Farið yfir mögulegar leiðir til innleiðingar á stefnu Flóahrepps um heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna, markmið, og tímaáætlun vegna vinnu við skólastefnu Flóahrepps á grundvelli heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna. Sveitarstjóra falið að hafa samráð við skólastjórnendur og fræðslunefnd um mögulegan upphafsfund vegna skólastefnu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók

7. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 237, dags. 07.07.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Fundur sveitarfélaga í Uppsveitum og Flóa með Verkís vegna vatnsveitu
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfna nr. 43, dags. 20.07.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Stjórnar Berggrisa nr. 19, dags. 06.07.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar SASS nr. 559, dags. 29.06.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. Efni til kynningar:

- a) Stöðuskýrsla Félagsmálaráðuneytis – teymi um uppbyggingu félags og atvinnumála í kjölfar Covid - 19
- b) Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 8. september klukkan 9:30.

9. Önnur mál:

a) Erindi frá Tónlistarskóla Árnesinga

Óskað er eftir aukningu á kennslukvóta upp á 2,5 klst. annars vegar vegna nemenda sem flutt hafa milli sveitarfélaga og nemenda á biðlista. Óskað er eftir viðbót sem nemur kr. 505.800 kr. til loka árs 2020.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

b) Göngur og réttir – Covid 19

Reynir Þór Jónsson mætti til fundarins og kynnti leiðbeiningar sóttvarnarlæknis og almannavarna vegna fjárleita og rétta haustið 2020. Sveitarstjórn Flóahrepps áréttar ábyrgð sína á afréttamálum og þakkar fyrir upplýsingarnar. Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til bænda að fara eftir leiðbeiningum. Brot á sóttvarnarreglum geta varðað fjársektum. Gestir verða ekki heimilaðir í leitarmannahúsum eða réttum. Sveitarstjórn Flóahrepps felur afréttamálafélagi Flóa- og Skeiða að taka saman lista yfir þá aðila sem munu sinna leitum á Flóamannaafreйти og þeirra sem munu mæta til rétta til þess að sækja fé sitt. Aðrir munu ekki fá aðgang að leitarmannahúsum eða réttarstað.

Sveitarstjórnin telur ekki æskilegt að hópur fjallmanna gisti í skálum heldur verði keyrður heim að dagsverki loknu verði ekki hægt að tryggja tveggja metra fjarlægðarreglu á gististað. Einnig er bent á að hægt er að draga allt fé í sundur í Skaftholtsréttum í stað þess að taka heilan dag í að reka í Skeiðaréttir. Upplýsingar frá Afréttarmálafélagi Flóa- og Skeiða um skipulag fjárleita og rétta haustið 2020 óskast sendar sveitarstjórn Flóahrepps til samþykktar fyrir 1. september 2020.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)